

Apríl 2026  
Reykjavíkurborg og Betri samgöngur

---

**Deiliskipulag sæbrautarstokks og breyting á  
deiliskipulagi Vogabyggðar 2 – Umhverfismat  
deiliskipulagsáætlana**

---

## Deiliskipulag sæbrautarstokks og breyting á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 – Umhverfismat deiliskipulagsáætlana

### Verknúmer.

A298576

Útg.	Dagsetning	Lýsing	Unnið	Rýnt	Samþykkt
01	Apríl	Umhverfismat deiliskipulags	RDB	BÞV, ÞK, SS	RDB

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>Forsendur og markmið</b> .....	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>Yfirlit yfir umfang og efni deiliskipulagsáætlana</b> .....	<b>6</b>
3.1	Sæbrautarstokkur .....	6
3.2	Vogabyggð 2 .....	7
<b>4</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b> .....	<b>9</b>
<b>5</b>	<b>Staðhættir og umhverfispættir til skoðunar</b> .....	<b>11</b>
5.1	Staðhættir .....	11
5.2	Umhverfispættir til skoðunar.....	11
5.3	Aðferðir .....	12
<b>6</b>	<b>Valkostir til skoðunar</b> .....	<b>13</b>
<b>7</b>	<b>Umhverfismat áætlana</b> .....	<b>15</b>
7.1	Samgöngur og umferðaröryggi .....	15
7.2	Menningarminjar .....	17
7.3	Borgarlandslag og ásýnd.....	19
7.4	Hljóðvist .....	22
7.5	Loftgæði.....	24
<b>8</b>	<b>Mótvægisáðgerðir og vöktun áhrifa</b> .....	<b>26</b>
<b>9</b>	<b>Samantekt umhverfismats</b> .....	<b>27</b>

# 1 Inngangur

Í þessu skjali eru helstu umhverfisáhrif vegna nýs deiliskipulags Sæbrautarstokks og breytingar á deiliskipulagi Vogabyggðar 2, metin í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umfjöllunin verður hluti af deiliskipulagi Sæbrautarstokks og deiliskipulagi Vogabyggðar 2, en framkvæmd Sæbrautarstokks nær til beggja deiliskipulagsáætlana.

Við umhverfismat er stuðst við fyrirliggjandi gögn um svæðið og byggir umhverfismat að mestu á umhverfismatskýrslu Sæbrautarstokks, en einnig umhverfismati Borgarlínu – Lotu 1.

## 2 Forsendur og markmið

Tilgangur deiliskipulags fyrir stokkinn er að móta framtíðarskipulag Sæbrautarstokks og yfirborðssvæða hans í Reykjavík. Samkvæmt deiliskipulagi eru markmið skipulagsins eftirfarandi:


*„Markmið með gerð Sæbrautarstokks og hverfisgarðsins á yfirborði hans er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja saman hverfi sem nú eru aðskilin með umferðarpungri stofnbraut. Framkvæmdin miðar að því að skapa aðlaðandi og vistlegt borgarumhverfi með vandaðri hönnun, þar sem gróður og landmótun mynda fjölbreytt og skjólrík svæði sem bæta staðbundið loftslag og ásýnd, auk aðstöðu til hreyfingar, afþreyingar og útivistar. Yfirborðið verður skipulagt með vel skilgreindum göngu- og hjólaleiðum sem tryggja gott aðgengi fyrir alla og Borgarlína mun hafa greiða leið yfir suðurhluta stokksins.“*

Breyting á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 er tilkomin vegna framkvæmda við stokkinn. Í breytingu er gerð grein fyrir tímabundnum hjáleiðum fyrir Sæbraut (sbr. forhönnun Sæbrautarstokks), heimildum til niðurrifs og breytingum á lóðamörkum. Gert er ráð fyrir að á seinni stigum verði gerð önnur breyting á deiliskipulaginu þar sem byggingarheimildir verða endurskoðaðar í samhengi við nýjan hverfisgarð á yfirborði Sæbrautarstokks.

Tilgangur umhverfismats er að gera grein fyrir helstu umhverfisáhrifum samfara uppbyggingu stokksins og því svæði sem hann tilheyrir samkvæmt deiliskipulagsáætlunum. Umhverfismatið er unnið á grundvelli skipulagslýsingar frá maí 2025.

# 3 Yfirlit yfir umfang og efni deiliskipulagsáætlana

## 3.1 Sæbrautarstokkur



Deiliskipulagssvæði Sæbrautarstokks er um 17,8 ha og afmarkast af Miklubraut/Vesturlandsvegi til suðurs, Vogahverfi til vesturs og nær norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarvegjar og Skeiðarvogs. Að austan liggur svæðið að Skútuvogi og Vogabyggð, sjá uppdrátt hér til hliðar. Um er að ræða nýtt deiliskipulag.



Mynd 1 Deiliskipulagsmörk Sæbrautarstokks.

## 3.2 Vogabyggð 2

Deiliskipulagssvæði Vogabyggðar 2 er um 18 ha og liggur samhliða deiliskipulagi Sæbrautarstokks til austurs. Skipulagið afmarkast af fyrirhuguðu Vogatorgi til suðurs, fyrirhuguðum Sæbrautarstokk til vesturs, Kleppsmýrarveg til norðurs og Dugguvog og Elliðavog til austurs, sjá mynd 2. Um er að ræða breytingu á núgildandi deiliskipulagi Vogabyggðar 2.

Megin umfjöllunarefni skipulagsins er eftirfarandi:

- breyting á skipulagsmörkum til suðurs og vesturs,
- breyting á lóðarmörkum á vesturhluta, samhliða Sæbraut og fyrirhuguðum Sæbrautarstokk
- heimildir til niðurrifs
- tímabundnar hjáleiðir og gatnamót á framkvæmdatíma Sæbrautarstokks



Mynd 2 Deiliskipulagsmörk Vogabyggðar 2. Núgildandi skipulag til vinstri og breytingartillega til hægri.

# 4 Tengsl við aðrar áætlanir

Í töflu 1 er samantekt um tengsl deiliskipulagsáætlanna við aðrar áætlanir og stefnuskiöl.

Tafla 1 Tengsl deiliskipulagsáætlana við aðrar áætlanir.

Áætlanir	Lýsing	Samræmi/ósamræmi
<b>Landsskipulagsstefna 2024-2038</b>	Markar stefnu á landsvísu um skipulag í dreifbyli, búsetumynstur og dreifingu byggðar, loftslag, landslag og lýðheilsu.	Deiliskipulagsáætlanir falla vel að markmiði A2 um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.
<b>Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040</b>	Markar stefnu um skipulag á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040. Unnið eftir 6 leiðarljósum.	Deiliskipulagsáætlanir falla vel að leiðarljósi 2 um „skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi“, leiðarljós 4 um „heilnæmt umhverfi“ og leiðarljós 5 um „gott nærumhverfi“.
<b>Aðalskipulag Reykjavíkur 2040</b>	Markar stefnu um landnotkun í Reykjavík til ársins 2040.	Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um Sæbrautarstokk og gert ráð fyrir nánari útfærslu í deiliskipulagi eins og gert er í þeim áætlunum sem hér eru kynntar.
<b>Deiliskipulag</b>	Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir	Deiliskipulag Vogahverfis, Vogabyggðar 1, Suðurlandsbraut 58-76 og Vogabyggðar 3 liggja að þeim áætlunum sem hér eru kynntar. Breyta þarf deiliskipulagi Vogahverfis á þann hátt að lóð Steinahlíðar verður hluti af deiliskipulagi Sæbrautarstokks og þar með breytast deiliskipulagsmörk deiliskipulags Vogahverfis.
<b>Samgöngusáttmáli</b>	Samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og íslenska ríkisins sem á að tryggja að brýnar samgönguframkvæmdir á stofnvegum, Borgarlínu, hjóla- og göngustígum auk aðgerða á sviði öryggis og flæðis nái fram að ganga á styttri tíma en annars væri mögulegt.	Sæbrautarstokkur er ein af þeim stofnvegaframkvæmdum sem skilgreind er sem hluti af samgöngusáttmálanum.
<b>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna</b>	Markmið sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til þess að	Stefna deiliskipulagsáætlana styður við Heimsmarkmið 3 um „heilsu og vellíðan“ og

Áætlanir	Lýsing	Samræmi/ósamræmi
	vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.	Heimsmarkmið 11 um „sjálfbærar borgir og samfélög“.
Græna planið	Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar og framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn.	Framtíðarsýnin er að Reykjavík sé borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum, góðri þjónustu og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.  <i>Markmið Reykjavíkurborgar í fjárfestingu í samgönguinnviðum til 2030 er að hún verði á grænum og fjölbreyttum forsendum.</i>
Hreint loft til framtíðar- Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029	Almenn áætlun um loftgæði sem ráðherra gefur út á 12 ára fresti. Meginmarkmið er „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“.	Stefnumörkun um uppbyggingu stokks stuðlar að staðbundnum bættum loftgæðum. Stefnumörkun um Borgarlínu styður við markmið um að auka vægi virkra ferðamáta sem stuðlar að bættum loftgæðum.
Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins (2022)	Stefnt er að kolefnishlutleysi höfuðborgarsvæðisins í síðasta lagi árið 2035. Gert er ráð fyrir að stefnan sé útfærð í frekari stefnumörkun innan hvers sveitarfélags.	Deiliskipulagsáætlanir falla að hluta að aðgerðarlista loftslagsstefnu þar sem fjallað er um vegasamgöngur.

# 5 Staðhættir og umhverfispættir til skoðunar

## 5.1 Staðhættir

Svæði deiliskipulagsáætlana einkennist af Sæbraut og nánasta umhverfi hennar. Sæbraut er umferðarmikil stofnbraut sem á þessu svæði aðskilur íbúðarbyggð í Vogum til vesturs og atvinnu- og íbúðarsvæði í Vogabyggð til austurs. Heimildir eru í Vogabyggð um frekari uppbyggingu íbúða. Á þessum stað er aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda takmarkað meðfram stofnbrautinni. Ný göngubrú var tekin í notkun í haustið 2025 sem tengir hverfin saman; sjá mynd 3. Hávaði og mengun frá umferð skerða lífsgæði íbúa og hafa til þessa takmarkað uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Vogabyggð meðfram Sæbraut.



Mynd 3 Horft til norðurs eftir Sæbraut og að nýrri göngubrú á milli hverfa.

Deiliskipulagssvæði Sæbrautarstokks er að fullu manngert umhverfi sem einkennist af umferðarmannvirkjum, helgunarsvæðum og endurmótuðum grænum svæðum. Breytingarsvæði Vogabyggðar 2 er einnig að fullu manngert umhverfi sem einkennist af helgunarsvæði núverandi götu sem að hluta er grasivaxið en í norðurhluta er trjágróður sem þarf að víkja.

Á suðurhluta deiliskipulagssvæðisins Sæbrautarstokks er leikskólinn Steinhlíð sem hefur yfir að ráða stóran garð sem nýtist í umhverfismennt og útiveru. Nálægð við nýjan hverfisgarð á yfirborði stokksins mun styrkja þessa sérstöðu leikskólans enn frekar.

## 5.2 Umhverfispættir til skoðunar

Í töflu 2 er greint frá þeim umhverfispáttum sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af framfylgd deiliskipulagsáætlana. Skilgreining á umhverfispáttum byggir á rýni á fyrirbyggjandi gögnum en unnið var umhverfismat vegna breytinga á aðalskipulagi Vogabyggðar árið 2016. Einnig liggur fyrir umhverfismat Sæbrautarstokks. Viðeigandi upplýsingar um umhverfispætti sem þar voru til skoðunar ásamt niðurstöðum verða nýttar í þessu umhverfismati.

Tafla 2 Umhverfispættir til skoðunar í umhverfismati og viðmið við áhrifamat.

Umhverfispáttur	Viðmið
Samgöngur og umferðaröryggi	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulag Reykjavíkur
Menningarminjar	Lög um menningarminjar,
Borgarlandslag og ásýnd	Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um gæði byggðar
Hljóðvist	Reglugerð um hávaða
Loftgæði	Reglugerð um loftgæði, Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

### 5.3 Aðferðir

Umhverfismat þetta er unnið samhliða deiliskipulagsvinnu og byggir á fyrirliggjandi upplýsingum.

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa verður lýst í samræmi við hlutverk þessarar áætlunar og hversu nákvæm hún er. Við mat á stefnumiðum áætlunar er metið hvort þau samræmist þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar með tilliti til hversu nákvæmt umhverfismat áætlana er. Við umfjöllum er metið hvort áhrif þeirra framkvæmda sem áætlun leiðir af sér verði jákvæð, neikvæð, óveruleg.

Tafla 3 Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa.

Vægi áhrifa	Skýring	Lýsing
Jákvæð	+	Áætlun er í samræmi við viðkomandi umhverfismarkmið og hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Óveruleg	0	Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Neikvæð	-	Áætlun er ekki í samræmi við viðkomandi umhverfismarkmið og hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.


## 6 Valkostir til skoðunar

Í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana ber í umhverfismati áætlunar að fjalla um raunhæfa valkosti og meta umhverfisáhrif þeirra. Eftirfarandi er umfjöllun um þá valkosti sem snerta viðfangsefni þessa deiliskipulags.

### Borgarlína

Borgarlína, lota 1, mun þvera suðurhluta deiliskipulagssvæðis Sæbrautarstokks. Í umhverfismati Borgarlínu voru bornir saman þrjú valkostir varðandi þverun Elliðaársvogs og Sæbrautar á þessum stað, sjá mynd 4.

Borgarlína, lota 1, mun þvera suðurhluta deiliskipulagssvæðis Sæbrautarstokks. Í umhverfismati Borgarlínu voru bornir saman þrjú valkostir varðandi þverun Elliðaársvogs og Sæbrautar á þessum stað, sjá mynd 4.



Mynd 4 Valkostir þverunar Borgarlínu.

Með tilliti til umhverfisáhrifa var ekki talinn munur á valkostum A og B en valkostur C var talinn síðri með tilliti til menningarminja og samgangna og umferðaröryggis en betri með tilliti til ásýndar, jarðmyndana og landnýtingar og þróunar borgar, þar sem Geirsnef var ekki þverað skv. valkosti C. Metið var að valkostur A væri sú leið sem félli best að markmiðum Borgarlínu og er sú leið sem hefur verið aðlöguð að umhverfi þessarar deiliskipulagsáætlunar.

### Núll kostur

Núll kostur hefur í för með sér að ekki verður farið í uppbyggingu Sæbrautarstokks. Með því verður ekki náð meginmarkmiðum skipulagsáætlana sem er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja saman hverfi sem nú eru aðskilin með umferðarpungri stofnbraut. Að auki næst ekki að bæta flæði umferðar á þessum stað.

Það hefur í för með sér að umhverfi Sæbrautar á þessum kafla verður með sama móti og nú er og nýtt hverfi í Vogabyggð austan Sæbrautar verður ekki tengt við eldra hverfi vestan megin nema með göngubrú. Göngubrú sem sett hefur verið upp og á að verða tímabundin á meðan hönnun og framkvæmdir við stökk standa yfir verður varanleg. Gert er ráð fyrir að gatnamót Sæbrautar við

Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg verði áfram ljósastýrð og göngu- og hjólaleiðir yfir Sæbraut verði með sama hætti og nú er. Með núll kosti færi Borgarlína yfir Sæbraut á brú eða ljósastýrðum gatnamótum.

# 7 Umhverfismat áætlana

## 7.1 Samgöngur og umferðaröryggi

### **Núverandi staða**

Sæbraut er í dag ein af umferðarmestu götum höfuðborgarsvæðisins með hámarkshraða 60 km/klst. Á mynd 5 má sjá núverandi stöðu samgöngumannvirkja á svæðinu. Samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar er ársdagsumferð (ÁDU) á þessum kafla Sæbrautar um 34.000<sup>1</sup> bílar á dag og hefur farið vaxandi með uppbyggingu nýs hverfis í Vogabyggð. VSB verkfræðistofa framkvæmdi umferðartalningar dagana 17.-24. febrúar 2026 á svæðinu vestan Sæbrautar. Sólarhrings bílaumferð að gatnamótum við Steinahlíð nam 70 bílum. Umferð hjólandi og gangandi framhjá þessum gatnamótum nam 280 manns á sólarhring.

Samgöngustofa heldur utan um skráningu á umferðarslysum á Íslandi og er hægt að nálgast upplýsingar á vefsíðu þeirra á vefnum „[map.is.samgongustofa](http://map.is.samgongustofa)“. Á þessum vegkafla eru langflest slys sem flokkast sem óhöpp án meiðsla og flest hafa átt sér stað við gatnamótin tvö sem eru á þessum kafla. Fjögur alvarleg slys hafa orðið á síðustu 10 árum og eitt banaslys.

---

<sup>1</sup> Tölur fengnar af vefsíðu Vegagerðarinnar: [umferd.vegagerdin.is](http://umferd.vegagerdin.is)



Myndin hér til hliðar úr Borgarvefsjá sýnir hvernig samgöngum er háttað í dag á skipulagssvæði. Sæbraut er skilgreind sem stofnvegur í þéttbýli og á forræði Vegagerðarinnar.

Þrjár strætóleiðir ganga Sæbraut á þessum kafla, leiðir 12, 16 og 105.

Umferðarljós eru á gatnamótum Sæbrautar og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegjar. Einnig á gatnamótum Sæbrautar og Súðarvogs.

Ekki liggja samhangandi göngu- og hjólaleiðir samhliða Sæbraut á þessum kafla. Bláar línur á kortinu sýna sameiginlegar göngu- og hjólaleiðir. Á vestanverðum hluta liggur göngu- og hjólaleið milli Vogahverfis og Sæbrautar og tenging er við Vogahverfi yfir gangbrautarljós á gatnamótum við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg og einnig á göngubrú yfir Sæbraut í beinu framhaldi af Snekkjuvog fyrir miðju myndar.

Gular línur sýna gangstéttar í húsagötum.

Rauð lína sýnir aðskilda göngu- og hjólaleið sem þverar Sæbraut við ljósastýrð gatnamót Sæbrautar og Súðarvogs.

Á korti sem sýnir lykilleiðir hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu er hjólaleið meðfram Sæbraut hluti af hjólaleið sem kallast „Strandleið“ og hjólaleið sem þverar Sæbraut hluti af leið sem kallast „Mosfellsbær C-Reykjavík C“.

Mynd 5 kort úr Borgarvefsjá af Sæbraut og næsta umhverfi<sup>2</sup>.

<sup>2</sup> Kort fengið af slóðinni: [www.borgarvefsja.reykjavik.is](http://www.borgarvefsja.reykjavik.is)

### Umhverfisáhrif

Talsverðar breytingar verða á umferðarskipulagi og umferðaröryggi á deiliskipulagssvæði eftir uppbyggingu. Bílaumferð um Sæbraut mun ekki stoppa við núverandi gatnamót. Þeir sem leið eiga um Skeiðarvog og Kleppsmýrarveg á gatnamótunum munu einungis þvera rampa Sæbrautar sem koma upp nálægt gatnamótum og einnig þvera gangandi og hjólandi. Á suðurhluta skipulagssvæðis er gert ráð fyrir þverun Borgarlínu á yfirborði stokks. Einnig er gert ráð fyrir tengingu Suðurlandsbrautar, samhliða Borgarlínu, við Súðarvog á yfirborði stokks og tenging Súðarvogs við Sæbraut leggst af. Með þessu eykst umferðaröryggi á þessum kafla. Að auki verður breyting á aðkomu að leikskólanum Steinahlíð þar sem þvera þarf leið Borgarlínu. Samkvæmt umferðartalningu, dags. 17. febrúar 2026, á þessum hluta sem og áætlaðri umferð Borgarlínu verða áhrif vegna þessa óveruleg.

Umferð og öryggi gangandi og hjólandi verður bætt með framfylgd skipulags með bættu stígakerfi og öruggari tengingum á milli hverfa.

Talið er að skipulagsbreytingar muni hafa jákvæð áhrif á þennan umhverfisþátt á skipulagssvæði, sjá nánar í samantektartöflu hér fyrir neðan.

Tafla 4 Umhverfisáhrif. Samgöngur og umferðaröryggi.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040	-Markmið um raunhæft val um skilvirka samgöngumáta. -Markmið um að meginstofnvegir tryggi greiða og örugga umferð fólks og vöru. -Markmið um 20 mínútna hverfið. Að byggð og umhverfi verði mótað út frá mannlegum þörfum.	Uppbygging samkvæmt skipulagsáætlunum styður við virka samgöngumáta og um leið við greiða og örugga umferð. Með því að tengja saman tvö hverfi með hverfisgarði er stutt við markmið um 20 mínútna hverfi.
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040	-Markmið um Sæbraut í stökk. -Markmið um vistvænar samgöngur þ.á.m. eflingu vistvænna samgöngumáta, umferðaröryggi og tengingu uppbyggingarsvæða. (Græna planið)	Uppbygging samkvæmt skipulagsáætlunum styður við virka samgöngumáta og um leið við greiða og örugga umferð.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	-Markmið um sjálfbærar borgir og samfélög – m.a. um öruggar samgöngur á bættu vegakerfi. -Markmið um heilsu og vellíðan- Fækkun alvarlegra slasaðra vegna umferðarslysa.	Skipulagsbreytingar styðja við þessi markmið.

## 7.2 Menningarminjar

### Núverandi staða

Í tengslum við umhverfismat Sæbrautarstokks og Borgarlínu, lotu1, hafa verið unnar fornleifaúttektir á skipulagssvæðinu. Úttektirnar náðu bæði til fornminja sem og húsverndar.

Alls voru kortlagðar 9 minjar innan skipulagssvæðis. Flestar minjarnar eiga við hús, sem áður stóðu á þessum stað, ýmist útihús eða íbúðarhús. Ummerki er í öllum tilfellum horfin af yfirborði í dag. Á suðurhluta skipulagssvæðis þar sem Borgarlínan fer um í nálægð við leikskólann Steinahlíð, er álfasteinn sem staðsettur er innan skipulagssvæðis.

Atvinnuhúsnæði að Dugguvogi 42 (Dugguvogi 2) stendur innan deiliskipulagssvæðis og eru heimildir í deiliskipulagi um niðurrif þess húsnæðis og að byggja nýtt í staðinn. Utan á húsnæðinu er lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur sem gefur húsnæðinu aukið verndargildi. Í byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun fyrir Vogabyggð sem unnin var samfara deiliskipulagið árið 2016 er eftirfarandi lýsing á Dugguvogi 2: „*Dugguvogur 2 – lóðnaðar- og skrifstofuhús byggt 1972 Húsið hefur listrænt og menningarsögulegt gildi sem hluti af listasögu Reykjavíkur, en lágmyndir eftir Gerði Helgadóttur eru steiptar í vesturvegg þess. Húsið er höfundarverk KarlEriks Rocksén. Merkilegt hús sem fléttar saman myndlist og arkitektúr*“<sup>3</sup>. Lagt er til að húsið njóti verndar í rauðum flokki: Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi.

### Umhverfisáhrif

Skipulagssvæðið er að fullu manngert svæði og því hafa ummerki um fyrri mannvirki verið afmáð að mestu, eða öllu leyti. Fornleifar sem eru eldri en 100 ára teljast friðaðar. Innan framkvæmdasvæðisins eru engar friðlýstar né friðaðar fornleifar, 100 ára eða eldri. Minjar sem skráðar voru innan skipulagssvæðis tilheyra húsum sem horfin eru í dag og engin ummerki er um þau á yfirborði. Þær eru staðsettar á svæðum sem hafa orðið fyrir töluverðu raski vegna framkvæmda og nýrra bygginga. Álfasteinn er staðsettur í nágrenni Steinahlíðar og gæti orðið fyrir raski.

Ekki eru lagðar til neinar mótvægisáðgerðir fyrir minjar sem skráðar eru innan framkvæmdasvæðisins og heyra til fyrrum húsnæðis. Lagt er til að álfasteinn við Steinahlíð verði girtur af eða fluttur af framkvæmdasvæði.

Í breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabyggð 2 er í skilmálum óbreyttar heimildir fyrir þróunarmöguleika húsnæðis frá því sem áður var. Komi til breytinga á húsnæði Dugguvogs 42 „*skal þess gætt að myndirnar njóti sín til framtíðar í viðeigandi samhengi. Allar breytingar á byggingunni og uppbyggingu lóðarinnar skulu gerðar í samráði við Gerðarsafn, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Minjastofnun Íslands með þeirra samþykki*“<sup>4</sup>.

Gerð hefur verið athugun á því að varðveita húsnæði við Dugguvog 42 í stað þess að rífa það og kostnaður metinn.

Haft hefur verið samráð við Gerðarsafn og liggur fyrir mat á aðgerðum við varðveislu listaverksins ef fjarlægja þarf húsið, ásamt grófri kostnaðaráætlun.

Talið er að skipulagsbreytingar muni hafa óveruleg áhrif á þennan umhverfisþátt á skipulagssvæði verði farið eftir þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar eru, sjá nánar í samantektartöflu hér fyrir neðan.

Tafla 5 Umhverfisáhrif. Menningarminjar.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Meðal annars að stuðla að verndun og varðveislu menningarminja.	Engar friðaðar fornleifar eru innan skipulagssvæðis. Nær allar fornleifar hafa nú þegar verið afmáðar við fyrri framkvæmdir innan svæðis. Lögð er til færsla á álfasteini við Steinahlíð. Áhrif eru talin óveruleg.

<sup>3</sup> Drífa Kristín Þrastardóttir ofl., 2016. *Vogabyggð, svæði 1-3, Byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun*. Borgarsögusafn Reykjavíkur.

<sup>4</sup> Teiknistofan Tröð ofl., 2017. *Vogabyggð-svæði 2. Deiliskipulag, skilmálar fyrir húsbýggingar og mannvirki á lóð*. Reykjavíkurborg.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Aðalskipulag Reykjavíkur-borgarverndarstefna	Rauður flokkur: Einstök hús, húsaðir og götmyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi. kvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.	Komi til breytinga á húsnæði við Dugguvog 42 sem felur í sér að fjarlægja þarf listaverk verður unnið að því í fullu samráði við Gerðarsafn.

## 7.3 Borgarlandslag og ásýnd

### Núverandi staða

Ásýnd núverandi skipulagssvæðis einkennist af umferðarmannvirkjum. Um er að ræða fjórar akreinar bílaumferðar með grasfylltri miðeyju á hluta skipulagssvæðis, en annars steyptri miðeyju. Á sunnanverðu svæðinu er stærra grassvæði á milli Sæbrautar og afreina.



Mynd 6 Grassvæði á suðurhluta skipulagssvæðis. (mynd úr gagnagrunni COWI)

Meðfram íbúðarhúsnæði vestan megin götu eru að mestu grasmanir með hávöxnum trjám ofan á, til þess að verja íbúa fyrir hávaða frá götu. Austan megin götu eru vegrið á milli götu og atvinnuhúsnæðis og nyrst á því svæði er trjágróður.



Mynd 7 Horft til norðurs. Tvær akreinar í báðar áttir, vestan megin mön með trjágróðri og austan megin vegrið og bílastæði framan við atvinnuhúsnæði. (mynd úr gagnagrunni COWI)



Mynd 8 Nyrst á skipulagssvæði er trjágróður einnig meðfram götu austan megin. (mynd úr gagnagrunni COWI)



Mynd 9 Horft til suðurs að gatnamótum við Súðarvog en á þessum stað mun Borgarfirna þvera svæðið. (mynd úr gagnagrunni COWI)

### **Umhverfisáhrif**

Með uppbyggingu samkvæmt markmiðum deiliskipulags mun skipulagssvæðið taka miklum breytingum með tilliti til ásýndar.

Í stað umferðarmannvirkja á skipulagssvæði mun koma hverfisgarður á yfirborði stokks. Í garðinum er gert ráð fyrir fjölbreyttum gróðri, stígum, leik- og hvíldarsvæðum sem mynda tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Með breytingunni aukast gæði borgarlandslags sem styður við markmið um græna ásinn í Reykjavík. Í umhverfismati Sæbrautarstokks eru birtar tölvugerðar myndir sem gefa til kynna hvernig ásýnd svæðis kemur til með að breytast eftir framkvæmdir. Flestar myndir sýna stokkenda sitt hvoru megin en ein mynd sýnir hvernig umhorfs getur orðið í nýjum hverfisgarði til móts við Barðavog.



Mynd 10 Möguleg ásýnd í nýjum hverfisgarði innan deiliskipulagssvæðis á móts við Barðavog (mynd úr umhverfismati Sæbrautarstokks. Verkis, 2026)

Breytingar koma til með að hafa jákvæð áhrif á þennan umhverfisþátt á skipulagssvæði, sjá nánar í samantektartöflu hér fyrir neðan.


Tafla 6 Umhverfisáhrif. Borgarlandslag og ásýnd.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Græna planið - Reykjavík	Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða. Aukin ræktun, nýting og samtenging milli grænna svæða.	Ásýndarbreyting á svæðinu er í samræmi við þessi umhverfismarkmið og hefur í för með sér jákvæð áhrif miðað við stöðuna í dag.
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040	Borgarbyggðin mótist af viðmiðum 20 mínútna hverfisins. Byggð og umhverfi verður mótað út frá mannlegum þörfum og mæli kvarða sem fellur að landslagi og styður samskipti og útiveru.	
Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	Markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög og örugg og aðgengileg græn svæði fyrir almenning.	

## 7.4 Hljóðvist

### Núverandi staða

Vegagerðin hefur látið kortleggja hávaða frá umferð í samræmi við reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005. Niðurstöður fyrir árið 2022 á skipulagssvæðinu má sjá á mynd 11.



Mynd 11 Hávaði frá bílaumferð árið 2022 á skipulagssvæði<sup>5</sup>.

Í dag eru 1-1,5 m háar ósamfelldar jarðvegsmanir við Njörvasund og 4-5 m há jarðvegsmön við enda Suðurlandsbrautar og Gnoðarvogs<sup>6</sup>.

Þrátt fyrir hljóðmanir milli íbúðarbyggðar vestan Sæbrautar og Sæbrautar er hávaði í dag yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar á þessum kafla en mörkin eru 55 dB við húsvegg íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum. Samkvæmt kortinu er hávaði við húsvegg í húsum sem standa næst Sæbraut á bilinu 55-69 dB.

<sup>5</sup> Klippa úr kortasjánni: <https://kortasja.ust.is/mapview/?application=havadi>

<sup>6</sup> Efla, 2024. *Kortlagning hávaða samkvæmt tilskipun EU 2002/49/EC. Vegir og götur í Reykjavík. Vegagerðin og Reykjavíkurborg.*

## Umhverfisáhrif

Með tilkomu stokks og hverfisgarðs ofan á honum verður dregið úr umferðarhávaða á þeim kafla sem stökkurinn nær til. Við stökkenda verður hávaði áfram yfir mörkum. Í deiliskipulagi eru sýndar leiðbeinandi staðsetningar hljóðveggja við norðurenda stokks til þess að draga úr hávaða þar.



Mynd 12 Reiknað hljóðstig eftir tilkomu Sæbrautarstokks<sup>7</sup>

Breytingar koma til með að hafa jákvæð áhrif á þennan umhverfisþátt á skipulagssvæði, sjá nánar í samantektartöflu hér fyrir neðan.

Tafla 7 Umhverfisáhrif. Hljóðvist.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða	Viðmiðunarmörk fyrir hávaða við húsvegg í íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum er 55 dB. Viðmiðunarmörk fyrir hávaða við húsvegg í íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum er 65 dB.	Hávaði verður undir reglugerðarmörkum á stórum hluta skipulagssvæðis. Við stökkenda verður hávaði áfram yfir mörkum. Deiliskipulag sýnir leiðbeinandi staðsetningar hljóðveggja við norðurenda stokks.
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040	-Markmið um Sæbraut í stökk. -Markmið um að setja gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt almenningsamgöngum í forgang og draga um leið úr svifryki, loftmengun og hávaða (Græna planið). -Markmið um bætta lýðheilsu (Græna planið).	Uppbygging samkvæmt skipulagsáætlunum styður við vistvænar samgöngur.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	-Markmið um sjálfbærar borgir og samfélög – m.a. um að draga úr umhverfisáhrifum í borgum.	Skipulagsbreytingar styðja við þetta markmið með því að draga úr hávaða á skipulagssvæði.

<sup>7</sup> Verkís, 2026. Vegstokkur á Sæbraut. Umhverfismatsskýrsla. Vegagerðin.

## 7.5 Loftgæði

### Núverandi staða

Almennt eru loftgæði á Íslandi góð en þó eiga sum loftmengunarefni það til að fara yfir skilgreind viðmiðunarmörk nokkrum sinnum á ári. Samkvæmt áætlun Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um loftgæði á Íslandi geta ástæður mikillar loftmengunar verið ýmsar og margir áhrifaþættir geta ýtt undir slíka mengun. Veðurfar er þar stór þáttur og sem dæmi safnast loftmengandi efni stundum upp á höfuðborgarsvæðinu í logni á þurrum vetrardögum eða í hægum vindi. Á vindasamari dögum getur jarðvegur svo þeyst til og dæmi eru um að sandfok frá Suðurlandi eða hálendinu valdi aukinni svifryksmengun á Höfuðborgarsvæðinu. Á síðustu áratugum hefur álag aukist vegna meiri umferðar, aukins iðnaðar og ýmiss konar framkvæmda<sup>8</sup>.

Í umhverfismati fyrstu lotu Borgarlínunnar á loftgæði var grunnástand loftgæða vegna umferðar á höfuðborgarsvæðinu metið með tilliti til heilsuskaðlegu mengunarefnanna NO<sub>2</sub>, kolmónoxíðs (CO) og PM<sub>10</sub>. Niðurstöður matsins voru að við grunnástand er styrkur NO<sub>2</sub> við helstu stofnbrautir yfir umhverfismörkum skilgreindum í reglugerðum og sama gildir um styrk PM<sub>10</sub> á mótum Miklubrautar og Reykjanesbrautar en styrkur CO fer hvernig yfir umhverfismörk<sup>9</sup>.

Þessar niðurstöður ættu þannig að eiga við um þá byggð sem er samhliða Sæbraut á skipulagssvæði í dag.

### Umhverfisáhrif

Ekki voru unnir sérstakir loftgæðaútreikningar sem hluti af umhverfismati deiliskipulagsáætlana. Í umhverfismati fyrir Sæbrautarstokk voru reiknuð tilvik fyrir NO<sub>x</sub> mengun og svifryk. Þar sem verið er að færa umferðarmikla götu í stokk á meginhluta skipulagssvæðis, hefur það í för með sér talsvert bætt loftgæði frá því sem nú er fyrir það íbúðarhúsnæði sem er næst fyrirhuguðum stokki.

NO<sub>x</sub> á fyrst og fremst uppruna í vélum ökutækja sem brenna jarðefnaeldsneyti. Vegna aukinnar notkunar ökutækja sem nýta rafeldsneyti er gert ráð fyrir að samdráttur verði í styrk NO<sub>x</sub> eftir 2030.

Svifryk á bæði uppruna í brennslu eldsneytis sem og frá sliti götum og hefur þá notkun nagladekkja mikið að segja um slit götum og myndun svifryks. Í útreikningum er gert ráð fyrir loftgæði batni á því svæði sem stokkur kemur. Við stökkenda mun svifryksmengun aukast frá því sem nú er. Framkvæmdaraðilar stokks (Vegagerðin) áforma að beita mótvægisaðgerðum til þess að draga úr svifryksmengun við stökkenda s.s. mögulegan loftunarturn og reglulega hreinsun á götum. Með þeim aðgerðum yrði mengun vegna svifryks innan viðmiðunarmarka.

Breytingar koma til með að hafa jákvæð áhrif á þennan umhverfisþátt á skipulagssvæði, sjá nánar í samantektartöflu hér fyrir neðan.

Tafla 8 Umhverfisáhrif. Loftgæði.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
Reglugerð um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til	Viðmiðunarmörk gefin upp í töflum í reglugerð.	Mengun verður undir reglugerðarmörkum á stórum hluta skipulagssvæðis.
		Við stökkenda verður svifryk yfir mörkum. Með mótvægisaðgerðum er talið að hægt verði að ná mengun niður fyrir viðmiðunarmörk.

<sup>8</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2017. *Hreint loft til framtíðar: Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*.

<sup>9</sup> Vatnaskil, 2023. *Borgarlína lota 1, mat á áhrifum á loftgæði-endurskoðuð útgáfa*. Vegagerðin.

Umhverfisviðmið	Umhverfismarkmið	Samræmi og áhrif
almennings, 920/2016. nr.		
Aðalskipulag Reykjavíkur 2040	<p>-Markmið um Sæbraut í stökk.</p> <p>-Markmið um að setja gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt almenningsamgöngum í forgang og draga um leið úr svífryki, loftmengun og hávaða (Græna planið).</p> <p>-Markmið um bætta lýðheilsu (Græna planið).</p>	Uppbygging samkvæmt skipulagsáætlunum styður við vistvænar samgöngur.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>-Markmið um sjálfbærar borgir og samfélög – m.a. um að draga úr umhverfisáhrifum í borgum meðal annars með því að bæta loftgæði.</p> <p>-Markmið um heilsu og vellíðan – m.a. að komið verði í veg fyrir dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.</p>	Skipulagsbreytingar styðja við þessi markmið með því að draga úr loftmengun á skipulagssvæði.

## 8 Mótvægisaðgerðir og vöktun áhrifa

Skipulagsáætlanirnar móta stefnu um framkvæmdir sem valda munu umhverfisáhrifum á nærliggjandi byggð. Fjallað er um áhrifin í kafla 6 hér á undan. Áhrif eru talin að mestu jákvæð á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar en þar sem áhrif eru talin neikvæð er settar fram mótvægisaðgerðir til að draga úr áhrifum, en þær eru eftirfarandi:

- Metnar verða aðgerðir við varðveislu listaverks Gerðar Helgadóttur utan á húsnæði Dugguvogs 42 með það að markmiði að varðveita listaverkið ef fjarlægja þarf húsið.
- Á deiliskipulagsupprætti eru sýndar leiðbeinandi staðsetningar hljóðveggja við norðurenda stokksins til að draga úr hávaða í íbúðarhverfi næst stökkenda.

## 9 Samantekt umhverfismats

Umhverfismat deiliskipulagsáætlana er unnið í samræmi við skipulagslög og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulagsáætlanirnar marka stefnu um uppbyggingu stokks á 1 km kafla á Sæbraut, hverfisgarði ofan á stökk, leið Borgarlínu, göngu og hjólatengingar ofan á stökk og skerðingu á lóðamörkum á atvinnusvæði austan stokks. Forsendur skipulags eiga tilvísun í ýmis stefnuskjöl s.s. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 og Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 en framkvæmdin er einnig á hluti af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Markmið með gerð Sæbrautarstokks og hverfisgarðsins á yfirborði hans er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja saman hverfi sem nú eru aðskilin með umferðarpungri stofnbraut.

Umhverfismat byggir á fyrirliggjandi gögnum. Megin niðurstöður eru þær að sú stefna sem mörkuð er í skipulagsáætlunum er í góðu samræmi við núverandi stefnumörkun um þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar og hefur almennt jákvæð áhrif í samanburði við núll kost eða þann kost að aðhafast ekkert.